Nd. **30. Tillaga**

til þingsályktunar um lækkun vaxta.

Flutningsmenn: Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson, Tryggvi Þórhallsson og Jón Guðnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að koma því til leiðar að vextir aðallánsstofnananna verði lækkaðir hið allra fyrsta.

## Greinargerð.

Raun ber vitni, hve hækkun krónunnar hefir gert atvinnuvegum landsins þungar búsifjar, svo nú eru þeir þrotum nærri. Ber því skylda til að rjetta þeim hjálparhönd. Önnur leið virðist ekki tiltækilegri en lækka hina háu vexti, er þeir stynja undir.